



Oddeyrarskóli Tengja

1. tölublað
skólaárið
2013-2014

Sept. 2013

Skólastarf hefst á ný!

Þá er skólastarfið hafið á ný og býð ég alla nemendur, foreldra og starfsfólk velkomin til samstarfs skólaárið 2013-2014!

Óhætt er að segja að nemendur og starfsfólk komi fersk til starfa eftir gott sumar. Skólastarfið er komið á fullt og margt hefur gerst þessa fyrstu daga eins og má sjá á fréttum Tengjunnar að þessu sinni. Ég hlakka til skólastarfsins í vetur og vona sannarlega að við eigum öll eftir að eiga gott samsarf á skólaárinu.

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Oddeyrarskóla

Smiðjur á yngsta stigi



Í vetur er boðið upp á nýbreytni í list- og verkgreinakennslu í 1. – 4. bekk. Þrisvar í viku fara nemendur í

svokallaðar *smiðjur*. Um er að ræða sjö mismunandi stöðvar sem nemendur fara á og fara þeir nokkur skipti í röð á hvern stað. Þetta eru *smíðar, textílmennt, myndmennt, leiklist – dans – tjáning, vísindasmiðja, heimilisfræði og frístundarsmiðja*.

Blandað er í hópum þvert á bekk þannig að nemendur í 1. og 2. bekk eru saman í hópum og nemendur 3. og 4. bekkjar eru saman. Í hópunum eru að jafnaði 10 nemendur.



7. bekkur á Reykjum í Hrútafirði



Dagana 26.-30. ágúst síðastliðinn var 7. bekkur í Oddeyrarskóla í skólabúðum að Reykjum í Hrútafirði ásamt nemendum frá Ísafirði, Bolungarvík og Suðureyri.

Hópnum var skipt í þrennt og voru hóparnir saman í dagskrá megnið af deginum. Margt skemmtilegt var í boði fyrir krakkana. Þeir fóru m.a. á byggðasafnið, í náttúruskoðun, lærðu eitt og annað um fjármál og fóru í íþróttir og sund. Haldin voru alls konar mót og átti Oddeyrarskóli þar borðtennismeistara vikunnar en það var Kristófer Pórior sem hampaði þeim titli. Einnig áttum við sigurvegara í hárgreiðslukeppninni, en það var Róbert Aron sem var valinn með flottustu hárgreiðslu vikunnar. Á kvöldin voru kvöldvökur þar sem börnin stýrðu sjálf skemmtiatriðum og tókst það mjög vel hjá þeim.

Ferðin gekk vel í alla staði og fengu nemendur Oddeyrarskóla mikið hrós fyrir dugnað, kurteisi og góða umgengni. Þetta var dýrmæt reynsla fyrir okkur öll. Börnin lærðu margt og kynntust hvert öðru betur og einhverjir eignuðust nýja vini. Þessir dagar munu án efa lifa lengi í minningunni.

Mynd: Róbert sigurvegari hárgreiðslukeppninnar og þjáfar hárgreiðsludömunum.



Á döfinni

5. september: Nemenda- og foreldravíðtöl.

6. september: Dagur læsis, haldinn í Oddeyrarskóla.

14. september: Hausthátíð foreldrafélagsins.

23.—27. september: Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk. Nemendur eru í skólanum skv. stundarskrá.

3. október: Fjölgreindardagur

4. október: Skipulagsdagur hjá starfsfólki, frí hjá nemendum. Starfsmenn sækja málþing sem ber heitið *samræða skólastiga, lærdómssamfélagið*.

Ný heimasíða Oddeyrarskóla — oddeyrarskoli.is

Nú er ný heimasíða Oddeyrarskóla að fara í loftið og verður hún brátt opinber vefsíða skólans. Slóðin er www.oddeyrarskoli.is

Hans Snorrason er okkur innan handar við hönnun síðunnar, en hún er unnin í forritinu wordpress sem er einfalt vefsíðuforrit og kostar ekkert. Við munum á næstu dögum og vikum bæta efni inn á síðuna og þá verður gamla síðan gerð óvirk. Foreldrar fá tilkynningu um það þegar þar að kemur.

Lykilhæfni — nýjar áherslur í leiðsagnarmati

Samkvæmt nýrri aðalnámskrá er aukin áhersla á svokallaða lykilhæfni og einnig ber að leggja mat á hana við lok grunnskóla. Lykilhæfnipættir aðalnámskrár eru fimm talsins; *tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi*. Við erum að stíga okkar fyrstu skref við að innleiða þessa þætti í starfi okkar og munum við í haust leggja sérstaka áherslu á tvo þessara þátta, þ.e. tjáningu og miðlun annars vegar og sjálfstæði og samvinnu hins vegar.

6. bekkur í sjóferð á Húna II

Nemendur í 6. bekk fóru í afar vel heppnaða ferð með Húna II í síðustu viku.

Um borð fengu börnin fræðslu um lífríki sjávarins í kringum Ísland. Þau veiddu



heilmikið af fiski sem svo var grillaður um borð og allir fengu smakk. Einnig var sjávarútvegsfræðingur á staðnum sem krufði þorsk, ýsu og lýsu og krakkarnir fylgdust með af miklum áhuga. Þá sáust einnig tveir hnúfubakar á sundi og vakti það mikla lukku. Þar sem krakkarnir voru afskaplega fengsælir höfðu þeir með sér talsvert magn af fiski til baka í skólann en þeir gerðu þau að aflanum með Gísli heimilisfræðikennara.



Nemendur munu njóta góðs af í heimilisfræði í vetur. Þrátt fyrir rigningu og rok var ferðin afskaplega skemmtileg og fróðleg og þökkum við Húnamönnum og skóladeild Akureyrar kærlega fyrir okkur.

